

Yfirlýsing
samninganefndar aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands og Samtaka
atvinnulífsins
vegna
opnunarákvæða kjarasamninga 20. janúar 2012

Í kjarasamningum sem undirritaðir voru af Samtökum atvinnulífsins og Alþýðusambandi Íslands og aðildarsamtökum þess 5. maí 2011 eru ákvæði um forsendur samninganna og uppsagnarmöguleika standist þær ekki. Þannig er unnt að segja upp samningum miðað við janúarlok 2012 enda hafi rökstudd ákvörðun um uppsögn verið tekin og hún tilkynnt í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 hinn 20. janúar 2012. Í samningunum segir jafnframt að standist forsendur þeirra ekki skulu samningsaðilar leita sameiginlega viðbragða.


Forsendunefnd samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og SA hefur komist að þeirri niðurstöðu að þær fyrstu þrjár forsendur sem settar voru fyrir samningum þeirra hafi gengið eftir en að sú forsenda sem fjallar um efndir ríkisstjórnarinnar á þeim fyrirheitum sem hún gaf í sérstakri yfirlýsingu í tengslum við þá hafi ekki gengið eftir.

Samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórn SA hafa rætt um sameiginleg viðbrögð og komist að eftirfarandi niðurstöðu:



Þrátt fyrir að forsenda kjarasamninga 5. maí 2011 um efndir á fyrirheitum í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hafi ekki gengið eftir mun hvorugur samningsaðila segja upp kjarasamningunum.

Reykjavík, 20. janúar 2012

Samtök atvinnulífsins


Veltýjalinnu ljúfa
Einn kann
Hannes G. Sigurðsson

Alþýðusamband Íslands


Sigrún J. Jónsdóttir

Þórunn Þ. Þórunn
Kristín Þórunn Sæbæverson
Hanna Þórunn
Duneyja J. Jónsdóttir
Sveinur Ragnarson.